

Garðabæ, 27. feb. 2024

Bæjarráð Garðabæjar
Ráðhúsi Garðabæjar, Garðatorgi 7
210 Garðabæ
B.t.: Guðjón E. Friðriksson, bæjarritari.

Efni: Beiðni um styrkveitingu, allt að 2,0 mkr. til Kórs Vídalínskirkju, Garðabæ vegna söngferðar til Búdapest í Ungverjalandi dagana 10.-17. júní 2024.

Ágæta bæjarráð Garðabæjar,

Kór Vídalínskirkju hyggst leggja land undir fót, dagana 10.-17. júní n.k. í menningar- og söngferð til Búdapest í Ungverjalandi. Verið er að dusta rykið af fyrri áformum kórsins, frá árinu 2020 til að halda til Ungverjalands en vegna Covid-19 faraldursins þurfti að hætta við þá ferð á síðustu stundu.

Skipulag ferðarinnar er í höndum fyrrum kórstjóra kórsins, Ferenc Utassy frá Ungverjalandi. Hann þekkir vel til kórsins, var í nokkur ár organisti við Vídalínskirkju og stjórnandi Kórs Vídalínskirkju, m.a. árið 1995 þegar Vídalínskirkja var vígð. Ferenc er nú ræðismaður Íslendinga í Ungverjalandi og hefur hann um áralangt skeið tekið á móti hópum Íslendinga, sem fararstjóri til Ungverjalands sem og um heim allan. Í dag býr Ferenc í Búdapest og rekur þar ferðaskrifstofu.

Kórinn samanstendur nú af 40 kórfélögum og hafa 36 kórfélagar þegar skráð sig í ferðina. Til gamans má geta þess að enn í dag eru nokkrir félagar í kórnum sem eru að fara í þessa ferð og fóru í síðustu ferð kórsins til Ungverjalands fyrir 30 árum síðan þegar Ferenc stjórnaði kórnum.

Núverandi kórstjóri og organisti er Jóhann Baldvinsson en hann hlaut m.a. heiðursviðurkenningu listamanna í Garðabæ sem veitt voru í Sveinatungu fyrir tveimur árum.

Skipulagning er enn í gangi en ljóst er að kórinn mun koma í það minnsta tvisvar fram opinberlega. Annarsvegar er um að ræða söng kórsins í hámessu í dómkirkjunni í bænum Eger og hins vegar syngur kórinn á tónleikum í nýlegu tónleikahúsi í Búdapest. Vandað verður til efnisskrár tónleikanna, sem verður blanda af kirkjulegri og veraldlegri íslenskri kórtónlist, íslensk þjóðlög, þekkt kórlög og sálmar úr nýju sálmaþókinni.

Fyrir utan að vera tónleikaferð verður þetta menningarferð og þess notið sem borgin Búdapest býður upp á hvað varðar menningu og listir. M.a. verður farið á óperusýningu, á söfn og kirkjur skoðaðar.

Í vor, miðvikudaginn 24. apríl n.k. heldur kórinn veglega vortónleika í Vídalínskirkju. Á efnisskránni verður metnaðarfull söngskrá sem samanstendur af lögnum sem sungin verða í Búdapest. Tónleikarnir eru einnig liður í fjáröflun vegna ferðarinnar.

Áætlaður heildarkostnaður pr./mann vegna ferðarinnar nemur kr. 320.000.- Það er hugmynd stjórnar kórsins að aðkoma Garðabæjar geti verið með eftirfarandi hætti:

- Bein styrkveiting með fjárframlagi
- Með kaupum á heilsíðu auglýsingu á bakhlið söngskrár í vor
- Tækifærissöngur kórsins á uppákomum á vegum bæjarins
- Með kaupum á vortónleikunum í apríl í Vídalínskirkju (Ath.: kirkjan tekur 400 manns í sæti)

Söngferðir af þessu tagi eru liður í að efla innra starf kórsins og skapa gott samband milli kórfélaga. Það er von stjórnar kórsins að vel takist til með fyrirhugaða söngferð og að bæjarráð taki jákvætt í beiðni kórsins.

Vegna málsins veita undirritaður ásamt Jóhanni Baldvinssyni, kórstjóra fúslega allar nánari upplýsingar sé eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Kórs Vídalínskirkju

Valdimar K. Guðlaugsson, form.

Valdimar K. Guðlaugsson, formaður
valdimarkg@simnet.is / s: 862-6659